



Efni: Umsögn BHM um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof

Bandalag háskólamanna (BHM) hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 144/2020. Athugasemdir BHM varða þann þátt frumvarpsins sem snýr að hækkingu hámarksgreiðslna í fæðingarorlofi. Hámarksgreiðslurnar hafa lækkað verulega í hlutfalli við laun og verðlag á öldinni og þær umbætur sem ráðist var í eftir 2016 virðast helst hafa skilað konum lengri fæðingarorlofstöku. Mikilvægt er að hækking hámarksgreiðslna nái fram að ganga í samræmi við tillögu frumvarpsins. Í ljósi markmiðs stjórnvalda um að auka atvinnuþátttöku kvenna, minnka kynbundinn launamun og stuðla að auknu jafnrétti á breiðum grunni. Um þetta er fjallað að neðan með vísan í tölfræði.


**Laun hækkað tífalt hraðar en hámark fæðingarorlofsgreiðslna:** Á árunum 2005-2023 hækkaði launavísitalan tífalt á við hámark fæðingarorlofsgreiðslna og verðlagsvísitalan sexfalt á við hámarkið. Nemur rýrnun hámarksins um 65% á við launavísitöluna á tímabilinu 2005-2023 og um 50% í kaupmætti. Á tíma ríkisstjórnarinnar þ.e. frá 2017-2023 hefur hámarkið lækkað um rúmlega 20% á við launavísitöluna og dregist saman um rúmlega 10% í kaupmætti. Hámark fæðingarorlofsgreiðslna hefur aldrei verið lægra í hlutfalli við launavísitöluna en á árinu 2023 og kaupmáttur hámarksins er svipaður nú og á árunum 2009-2010. Sjá myndir að neðan.




Heimildir: Fæðingarorlofssjóður, Hagstofa Íslands og eigin útreikningar.

**Umbætur eftir 2016 hafa ekki leitt til aukins jafnréttis:** Árið 2008 var hámark fæðingarorlofsgreiðslna 109%/151% af meðalheildarlaunum fullvinnandi karla/kvenna. Við tók verulegt samdráttarskeið í kjölfar hrunsins en núverandi ríkisstjórn ákvað að snúa vörn í sókn eftir árið 2016. Frá 2016-2019 hækkaði hámarkið frá 50%/64% af heildarlaunum karla/kvenna upp í 73%/88%. Sú hækkun hefur að mestu gengið til baka og er hlutfallið nú 58%/67%.

Hámark fæðingarorlofsgreiðslna í hlutfalli við meðalheildarlaun fullvinnandi



Hlutdeild fæðingarorlofs sem tekin er af feðrum jókst marktækt milli árána 2016 og 2020. Óljóst er með áhrif heimsfaraldurs á þessa stöðu en þróun til hækkunar hefur að mestu gengið til baka miðað við 2022 tölur. Lenging orlofsins eftir 2019 (sjá myndir að neðan) hefur því lent á konum að mestu.



Heimild: Fæðingarorlofssjóður. \*Hér varð 1,5 mánuður framseljanlegur frá hvoru foreldri til hins. Sterk fylgni virðist á milli hámarks fæðingarorlofsgreiðslna og hlutdeildar fæðingarorlofs sem tekin er af feðrum. Hlutfall feðra sem hafa tekjur umfram hámarksgreiðslunar var 36% árið 2022 samanborið við 18% kvenna. Líklegt er að þessi tala hafi hækkað verulega á árinu 2023 þ.e. að tekjufórni af fæðingarorlofstöku feðra hafi aukist til muna milli ára.

Hlutdeild mæðra og feðra með tekjur umfram hámark fæðingarorlofsgreiðslna




Heimildir: Fæðingarorlofssjóður, Hagstofa Íslands og eigin útreikningar. \*Áætlun m.v. launavísitölu.

### Að lokum - hækkun hámarksins snýst um jöfn tækifæri:

Reynslan sem einstaklingar ávinna sér á fyrsta áratug starfsævinnar getur mótað möguleika þeirra til framgangs í launum síðar meir. Þarna hafa ungir karlar haft ómálefnalegt forskot á ungar konur, vegna meiri atvinnuþátttöku á barneignaldri. Getur það verið hluti skýringar fyrir því að launamunur háskólamenntaðra kvenna og karla eykst eftir því sem árin færast yfir.

Hversu mikið hærri eru atvinnutekjur háskólamenntaðra karla en háskólamenntaðra kvenna, eftir aldri?



Mikilvægasta markmið fjölskyldustuðnings þ.m.t. fæðingarorlofsgreiðslna er að konur hafi jöfn tækifæri á við karla þegar kemur að efnahagslegri og félagslegri stöðu og framgangi í starfi yfir starfsævina. Hækkun á hámarki fæðingarorlofsstuðnings snýst fyrst og fremst um að jafna tækifærin og tryggja að karlar hafi ekki ómálefnalega forgjöf á fyrsta áratug starfsævinnar.

Fyrir hönd BHM



Vilhjálmur Hilmarsson  
Hagfræðingur BHM